



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Alþingi velferðarnefnd

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 15. mars 2019

Efni: **Umsögn um Þingskjal 343 – 296. mál**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir SSH) fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um velferðartækni og er tilbúið til að miðla reynslu og þekkingu til að málið fái farsælan framgang.

Í því sambandi er upplýst að á árinu 2018, undir hatti Sóknaráætlunar 2015-2019, var á vettvangi SSH stofnað til samráðs um velferðartækni með þátttöku aðildarsveitarfélaga SSH, velferðarráðuneytis, ÖbÍ, Leb og Samtaka sveitarfélaga á Íslandi. Auk þess hafa starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands setið fundi.

Vaxandi fjöldi aldraðra og annarra íbúa sem hafa þörf fyrir velferðarþjónustu sveitarfélaganna hefur kallað á þörf fyrir aukna umönnun og margþætta og flókna velferðarþjónustu. Þessi staðreynd kallar á nýsköpun, tækniþróun og hagræðingu til að mæta velferðarþjónustu framtíðarinnar.

Stærsta viðfangsefni samráðshóps SSH til þessa hefur verið að afla og miðla þekkingu á sviði velferðartækni og stuðla að þverfaglegu samráði um lausnir og leiðir. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á sveitarfélögin að innleiði stefnu í velferðartækni. Einnig hefur verið reifað hvernig velferðartækni getur nýst sem verkfæri í þeirri viðleitni að færa þjónustuna nær notendum (nærþjónusta) þar sem virk samvinna er milli sveitarfélaga, félagasamtaka, nærsamfélags og aðstandenda.

Á vegum samráðshóps SSH um velferðartækni eru haldnir mánaðarlegir samráðsfundir þar sem bæði innlendir og erlendir fyrirlesarar koma og segja frá viðfangsefnum í velferðartækni, auk þess sem þátttakendur í hópnum greina frá verkefnum sem þeir eru að vinna. Í lok október 2018 fór hópurinn í vettvangsheimsókn til sveitarfélaga í Danmörku. Megin tilgangur heimsóknarinnar var að afla upplýsinga um stefnu og vinnu í nýsköpun og velferðartækni hjá velferðarsviðum Kaupmannahafnar og Álaborg. Auk þess var farið í heimsókn til Samtaka sveitarfélaga í Danmörku, en samtökin halda utan um sameiginlegan vettvang sveitarfélaganna og ríkisins í velferðartækni. Í lok



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

nóvember 2018 var haldin ráðstefna á vegum SSH þar sem fulltrúi Samtaka sveitarfélaga í Noregi sagði frá áherslum í nýsköpun í velferðarþjónustu og í velferðartækni. Peter Julius frá Public Intelligence sagði frá aðferðarfræði til að kalla fram nýsköpun í velferðarþjónustu hjá sveitarfélögum í Danmörku. Þá sagði fulltrúi Reykjavíkurborgar frá tilurð og vinnu við stefnu í velferðartækni hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Ákveðið hefur verið að halda áfram þessu starfi árið 2019 og reifa enn frekar ofangreindar áherslur á vettvangi SSH auk þess að leggja áherslu á samstarf við samtök sveitarfélaga í Danmörku og Noregi auk samstarfs við Norrænu velferðarmiðstöðina. Þessir aðilar hafa lagt áherslu á velferðartækni og samstarfs sveitarfélaga og ríkisins í málaflokknum síðan 2013. Þau hafa umtalsvert forskot sem mikilvægt er að læra af og nýta aðildarsveitarfélögum SSH til framdráttar.

Mikilvægt er að hafa í huga að þó fjarþjónusta ýmiskonar sé allra góðra gjalda verð, eru lausnir og leiðir sem rúmast innan hugtaksins velferðartækni umtalsvert umfangsmeiri.

Innan velferðartækni rúmast t.d. margskonar öryggistækni til að halda utan um líf einstaklings og veita bæði honum, aðstandendum og umönnunaraðilum öruggari umgjörð. Næst má nefna umhverfisstjórnunartækni sem hjálpar einstaklingum með skerta hreyfifærni eða minnistap til að hafa þægilegri stjórn á nánasta umhverfi sínu. Umtalsverð áhersla hefur verið lögð á samskiptatækni af ýmsu tagi. Þó að mestu til félagslegra samskipta eða fjarþjónustu sem er í mikilli þróun. Víða t.d. í Bretlandi er horft á þann vettvang mikilvægan til að sporna gegn félagslegri einangrun. Sama má segja um ýmsa tæki og tæki til þjálfunar eða sem ætluð eru fyrir einstaklinga til að meðhöndla eigin sjúkdóma.

Að lokum er mikilvægt að nefna margvíslega tækni og tæki til að hjálpa aðstandendum og starfsmönnum heimaþjónustu og á hjúkrunarheimilum, sem þróuð er til að létta störf við umönnun og aðgæslu.

Því er lagt til að starfsópur sem áætlað er að skipa muni ekki aðeins fjalla um fjartækni, heldur einnig frekar um velferðartækni og innleiðingu á velferðartækni. Einnig er þörf á að stjórnvöld beiti sér fyrir langtíma stefnumótun í málaflokknum í samvinnu við sveitarfélög af svipuðum toga og gert var í Danmörku og Noregi árið 2013.

f.h. SSH

Hermann Ottósson

Verkefnisstjóri